

# VINNSLU MINNI: ATBURÐABIÐMINNI

Vinnublað



**RETORE**  
REMEMBER TO REMEMBER



Samfjármagnað af  
Evrópusambandinu

# VINNSLU MINNI: ATBURÐABIÐMINNI

## KYNNING

### Athugasemdir fyrir leiðbeinanda

#### Meginreglur verkefnisins

Vinnsluminni (e. working memory) vísar til getu til óhlutbundinnar hugsunar og að fást við upplýsingar í skemmri tíma. Vinnsluminni er tauga- og hugfræðilegt ferli sem við notum í margskonar samhengi daglegrar virkni. Atburðabiðminni, sem er einn hluti vinnsluminnis, er mikilvægur hluti af því að færa upplýsingar í langtímaminnið. Biðminni virkar sem geymsla fyrir hina tvo hluta vinnsluminnis (hljóðminni og sjónrænt teikniþorð). Það virkar líka sem tenging á milli upplýsinga sem geymdar eru í vinnslu minni og skynjun samhliða langtímaminni. Í hversdagsleikanum er atburðaminni notað til að samhæfa upplýsingar, til dæmis um óþekkta persónu sem er kynnt fyrir okkur. Við eigum auðveldara með að muna nafn persónu ef við tökum einnig eftir útliti, hegðun og öðrum eiginleikum viðkomandi einstaklings. Verkefnin í þessum hluta fela í sér sambland af sjón- og hljóðrænni úrvinnslu.

#### Tilgangur æfingar

Vinnsluminni á við um það sem er tiltækt í huganum á þeirri stundu sem við getum nýtt okkur það, til að ljúka hugrænu verkefni eða leysa ákveðna hluti. Það er nauðsynlegt að þjálfar atburðaminni því án þess gætum við ekki lagt á minnið allskyns upplýsingar og myndum eiga erfitt uppdráttar í daglegu lífi.

### Upplýsingar fyrir nemandann

Við notum vinnsluminni í hversdaglegum aðstæðum án þess að vera sérstaklega meðvituð um það. Hefur þú til dæmis verið inni í búð að velta fyrir þér hvað annað þú ætlaðir að kaupa en gast ekki munað hvað það var? Eða vera kominn inn í eldhús til að sækja eitthvað sem þú manst ekki hvað var? Þjálfun á vinnsluminni dregur úr svona uppákomum, sem síðan hefur áhrif á getu til að segja sögur, ákvörðunartöku, getuna til að hugsa fljótt, rétt og skipulega. Þjálfun vinnsluminnis bætir frammistöðu í verkefnum sem reyna á athygli og virknistjórn, rökhugsun og fleira.


#### Búnaður

- Vinnustöð
- Vinnublað nemanda
- Vinnublað leiðbeinanda

**Hugrænir þættir  
sem verkefnið þjálfar**

Vinnslu minni  
(atburðabiðminni),  
athygli, virknistjórn

**VINNSLU MINNI:  
ATBURÐABIÐMINNI**  
VERKEFNI



## 1) Verkefni

Vinsamlegast skoðaðu vandlega myndirnar sem ég sýni þér. Einbeittu þér aðallega á fjölda einstakra mynda í hverri röð. Eftir 30 sekúndur mun ég fela blaðið. Svo mun ég lesa fyrir þig röð talna og bókstafa. Þegar þú heyrir tölu sem samsvarar fjölda myndanna í hverri röð, nefndu þá nafn myndarinnar.

Röð talna og bókstafa:

ABDE4DEG3DF1MK2BD5OV6LTR7M

Æfing:

Lestu: K A 3 B D 1 O

Rétt svar: 3 = bolti, 1 = Hjól



## Viðauki 1/2

Hjól



Bolti



## Viðauki 2/2

Sól



Risaeðla



Munnur



Hús



Klukka



Stjarna



Auga



## 2) Verkefni

Ég mun nefna tvö orð sem lýsa lit og hlut, til dæmis svartur skór. Þú munt heyra þetta orðapar tvisvar. Síðan mun ég leggja út liti og svarthvítar myndir á borðið fyrir framan þig. Verkefnið þitt er að para saman svarthvítu myndirnar við réttan lit, í samræmi við pörin sem ég nefndi.

**Pör af orðum:**


**GUL VEKJARAKLUKKA, RAUÐUR KJÓLL, GRÆNIR HANSKAR, BLÁ GREIÐA, SVARTUR KÖTTUR, FJÓLUBLÁ GREIÐA**

## Viðauki 1/2





## Viðauki 2/2



### 3) Verkefni

Ég mun sýna þér töflu af táknum í mismunandi litum og staðsetningu. Verkefnið þitt er að segja já ef:







a) það er í sama lit og var á undan,

eða









b) það er sama form, litur og staðsetning og í töflunni á undan.

**Athugið:** Gangið úr skugga um að töflurnar sé settar fram í sömu röð og þær eru í skjalinu hér að neðan, annars mun verkefnið ekki ganga upp.

# Viðauki 1/3











# Viðauki 2/3



# Viðauki 3/3



## 4) Verkefni

Nú munt þú heyra sögu. Hlustaðu vandlega því þegar ég klára að lesa, færð þú verkefni sem tengjast sögunni.

### Saga:







Ég vaknaði við að sólin skein í augun á mér. Í fyrstu vissi ég ekki hvaða dagur var, en svo bankaði mamma á hurðina og þá rann það upp fyrir mér. Það var síðasta vikan af fríinu og við ætluðum að versla fyrir skólann. Þar sem mér finnst gaman í skólanum, hef ég hlakkað til þessa dags í langan tíma. Við mamma vorum með lista yfir hluti sem ég þurfti. Sem betur fer vorum við búin að gera listann! Því allt sem ég man eftir var blá bók...

Það var virkilega mikið af dóti í búðinni! Ég sá gular möppur og grænar minnis bækur allt í kringum mig. Þegar ég leit aftur fyrir mig sá ég líka bleika penna og appelsínugul strokleður. Mamma var komin með körfu sem við settum alla nauðsynlega hluti í. Við eyddum heilum klukkutíma í búðinni!

Svo fórum við heim svo ég gæti sett alla hlutina í nýju fjólubláu töskuna mína. Ég get ekki beðið eftir að skólinn byrji!

Ég mun gefa þér spjöld með mynd af hlutum og litum. Þitt verkefni er að para saman hlut og lit út frá því hvað þú heyrðir í sögunni.

## Viðauki 1

<b>Bók</b>	
<b>Skjalataska</b>	
<b>Mappa</b>	
<b>Vinnubók</b>	
<b>Penni</b>	
<b>Strokleður</b>	



Styrkt af Evrópusambandinu.

Viðhorf og skoðanir sem sett eru fram eru eingöngu frá höfundum og endurspeгла ekki nauðsynlega skoðanir Evrópusambandsins eða European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA geta borið ábyrgð á þeim.



**RETORE**  
REMEMBER TO REMEMBER



Samfjármagnað af  
Evrópusambandinu